
Grunnskóli Önundarfjarðar

Ársskýrsla skólaárið 2021-2022



Kristbjörg Sunna Reynisdóttir

5. ágúst 2022

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skýrsla um skólahald	3
Starfsmarkmið Grunnskóla Önundarfjarðar	8
Mat á hvernig tókst að vinna með starfsmarkmiðin:	9
Stefnur og áætlanir	10
Skipting nemenda	11
Starfsmenn og stöðugildi	11
Forföll starfsfólks	12
Forföll nemenda	13
Kennslustundaúthlutun og daglegt skipulag	13
Samstarf leik og grunnskóla	13
Sjálfsmat	14
Fjárhagsáætlun	18
Framkvæmdir	18
Aðkeypt þjónusta	19

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarf Grunnskóla Önundarfjarðr skólaárið 2021– 2022.

Farið er yfir markmiðasetningu og hvernig til tókst að vinna eftir stefnum og áætlunum sem settar voru. Í skýrslunni eru ítarlegar upplýsingar um skiptingu nemenda eftir aldri og kyni. Farið er yfir starfsmannamál, fjölda og stöðugildi. Upplýsingar um forföll nemenda og starfsfólks koma ekki fram í skýrslunni vegna fámennis. Niðurstöður samræmdra prófa eru birtar að því marki sem hægt er vegna fámennis. Einnig inniheldur skýrslan greinargerð um sjálfsmat skólans og upplýsingar um kennslustundaúthlutun.

Grunnskólinn stendur í norðvestur hluta þorpsins og eru rúmir 700 fermetrar á tveimur hæðum. Húsið var tekið í notkun árið 1961. Þar örskammt frá er íþróttahús með sundlaug og fyrir utan skólann er leikvöllur, körfuboltavöllur og sparkvöllur. Skólahald hófst á Flateyri árið 1903 á Grundarstíg 14 og voru 25 nemendur í skólanum fyrsta skólaárið 1903-1904. Árgangar voru þá fjórir og var þeim kennt í tveimur hópum. Á þessum tíma bjuggu um 200 manns á Flateyri. Í upphafi skólaárs 2021-2022 voru 6 nemendur í skólanum, 1 í fyrsta bekk, 1 í öðrum bekk, 1 í þriðja bekk, 1 í fimmta bekk, 1 í sjötta bekk og 1 í sjöunda bekk. Um tíma bættist við einn nemandi í 9. bekk. Kennt var í tveimur hópum, 1.-3. bekk og 5.-7. bekk (5.-9. um tíma).

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir. skólastjóri

Skýrsla um skólahald

Í ágúst 2021 varð breyting á stjórn leik og grunnskóla á Flateyri og var ráðinn skólastjóri við leikskólann. Sú breyting er því á ársskýrslu að starf skólanna er metið í sitthvorri skýrslunni í stað einnar eins og gert var meðan einn skólastjóri stýrði báðum skólunum og fer hér á eftir skýrsla Grunnskóla Öfundarfjarðar. Breytingar voru á starfmannahaldi grunnskólans þetta skólaár og var ekki ráðið inn í 92,3% kennarastöðu sem losnaði s.l. haust. Tveir kennarar voru því við skólann í 100% stöðu og einn í 11,5%.

Grunnskólinn var settur á sal klukkan 10 að morgni 23. ágúst. Var fyrirkomulagið þannig að þessu sinni að haustfundur með kynningu á skólastarfinu fór fram samhliða skólasetningu. Boðið var upp á einstaklingsviðtöl þar sem nemendur og foreldrar gátu hitt umsjónarkennara að fundi loknum. Kennsla hófst 24. ágúst og opnaði dægradvöl sama dag.

Nemendur 6. og 7. bekkjar vörðu fyrstu skólavikunni í skólabúðum á Reykjum í Hrutafirði ásamt jafnöldrum frá öðrum skólum Ísafjarðarbæjar, flestum úr 7. bekk.

Ýmislegt var gert á haustdögum og meðal annars farið í hjólaferð og á kajak. Veður lék ekki við okkur þessa daga en ákveðið var að halda samt sem áður skipulagi enda gott tækifæri til að læra á íslenska náttúru og veður. Veturinn gekk snemma í garð og fengum við fyrsta snjóinn 27. september og ekkert lítið af honum. Björguðum við þá kartöfluuppskerunni og öðru sem var í gróðurkössunum og nýttum síðan snjóinn við leik og nám og má þar sem dæmi nefna orðaforðavinnu og listsköpun.

Í október fóru miðstignemendur á Ísafjörð til að taka þátt í viðburði á vegum Blaksambands Íslands, skólablaki. Allur skólinn fór svo á Þingeyri og tók þátt í verkefninu List fyrir alla. Verk frá þeim degi fóru síðan á sýningu sem haldin var á Ísafirði. Vetrarfrí var dagana 16. og 18. október. Tekið var slátur og læðu nemendur þar með ýmislegt um fullnýtingu afurða sem var lífsnauðsynlg á árum áður og nauðsyn þess að við hugum enn vel að því að nýta eins vel og hægt er. Líffæri og annað sem fylgir sláturgerðinni var skoðað gaumgæfilega og margir sigruðust á því að finnast óhugnarlegt að snerta í fyrstu.

Við héldum okkar Hrekkjavöku á Vagninum þar sem okkur var boðið að njóta þess að búið var að setja hann í drungalegan búning og fengum við veitingar við hæfi, grænan drykk og popp. Þetta var mikil upplifun og las Jóna sögu sem nemendur á yngsta stigi höfðu samið og var bæði sagan og flutningur hennar með allra drungalegasta móti.

Skólanum bárust sýndarveruleikagleraugu að gjöf frá Önfirðingafélaginu og Kvenfélaginu Brynju. Þessi veglega gjöf á eftir að nýtast vel í fjölbreyttu námi.

Geðlestin sem er samstarfsverkefni Geðhjálpur og Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og er styrkt af heilbrigðisráðuneytinu kom til Ísafjarðar með fræðslu fyrir unglíngastig.

Við settum saman gjafir „Jól í skókassa“ og Fjöltnir prestur nálgast þær og kom á réttan stað svo þær kæmust í tæka tíð til barna í Úkraínu sem búa við fátækt og þurfa á þeim að halda. Við náðum að setja samna fjórar gjafir og áttum samt afgang af ýmsu sem hafði safnast saman og gátum einnig gefið barni innanlands ýmislegt sem það þarfnaðist.

Við héldum vísindadag 10. nóvember en sá dagur er Alþjóðadagur vísinda í þágu friðar og þróunar á vegum UNESCO. Við gerðum þá margar tilraunir og ræddum um þær og hvers vegna vísindi eru mikilvæg.

Hefð er fyrir því að hafa kaffihúsið í kringum Dag íslenskrar tungu sem er 16. nóvember og miða dagskrána við áherslur á íslenska tungu og hefur það til dæmis verið gert með flutningi ýmissa verka á sviði. Í þetta sinn ákváðum við að huga líka að Degi mannréttinda barna sem er 20. nóvember og hvernig við gætum tengt kaffihúsið þeim degi með einhverju móti þar sem kaffihúsið okkar er dagsett mitt á milli þessara tveggja daga. Dagskrá kaffihússins var með fjölbreyttum hætti og tæknin nýtt til hins ítrasta og hugað að námi við hæfi hvers einstaklings. Við eigum orðið fjölbreytt úrval til upplýsinga og tæknimenntar og má þess geta að ein grein barnasáttmálans kveður á um aðgengi að upplýsingum sem ekki er eins sjálfgefin hlutur allsstaðar og hann er hjá okkur. Settir voru upp QR kóðar og á bak við þá leyndust fjölbreytt verkefni nemenda.

Eftir að hafa komist á bragðið með að nota QR kóða komu endalausar nýjar hugmyndir með notkun þeirra. Á aðventunni var sett upp samverudagatal og opnuðu nemendur QR kóða á hverjum morgni sem geymdi upplýsingar um verkefni dagsins. Samveran var eitthvað skemmtilegt sem tók eina til tvær kennslustundir og má nefna að fyrsta daginn fórum við út í skóg og sóttum okkur jólatré sem sett var við innganginn. Annan daginn gerðum við skraut á jólatréð og átti það að vera búið til úr efniviði úr náttúrunni ásamt allskonar efniviði sem safnast hefur í gegnum árin. Við vorum nefnilega líka að vinna með heimsmarkmiðið sjálfbærni og kölluðum verkefnið „sjálfbær jól“.

Litlu jólin voru haldin 17. desember og var það síðasti skóladagur fyrir jólafrí. Að þessu sinni mættum við á leikskólann og hittum jólasveina og dönsuðum en síðan var farið upp á loft og spilað bingó ásamt elstu nemendum leikskólans. Allir nemendur og starfsmenn beggja skóla fóru svo saman í Gunnukaffi í jólamat.

Kennsla hófts að loknu jólafríi 4. janúar. Starfsdagur var 3. janúar. Þegar starfsmenn komu til starfa var ljóst að ofnakerfið var í ólagi og varð því að hugsa hratt og skipuleggja nám upp á nýtt. Við vorum svo heppin að í verkmenntastofunni var hlýtt og notalegt og því hægt að nýta hana við úrvinnslu verkefna þó mikill hluti færðist í útikennslu. Heildarverkefni fyrstu vikunnar snerist um að endurnýta grenitréð sem við sóttum í desember og hafði þjónað sínum tilgangi sem jólatré. Einnig var farið í leiðangur til að saga tré á tjaldsvæðinu sem hafa brotnað undan snjó eða veðri og var sá efniviður einnig nýttur til sköpunar. Í Grunnskóla Öfundarfjaraðar eru hörkuduglegir krakkar sem hvattir eru áfram af starfsmönnum og er seigla þar allsráðandi.

Góð gjöf barst frá Skautafélagi Reykjavíkur, allskonar íshokkibúnaður. Við náðum síðasta frostdeginum fyrir storm og hláku til að prófa þann búnað. Það er erfitt að skauta á hokkiskautum en þá er bara að æfa sig meira og ekki síst í að detta.

Við nýttum við listaverkið hennar Jean Larson [#flatbirds](#) til náms og úr varð heilmikið fuglaþema. Nemendur fræddust um fugla og unnu úr fróðleiknum upplýsingar sem settar voru inn á götukort af Flateyri við þá staði sem fuglarnir hennar Jean eru á. Í þessu verkefni voru nemendur einnig að læra að setja inn á google kort og nota QR kóða. Í vor fór svo fram kosning um fugl á skólann og var það spóinn sem var hlutskarpastur og verður því málaður við ingang skólans. Yngri nemendurnir eru alltaf mikið í útikennslu og hafa verið að reyna að laða að fugla með því að útbúa fóðurstöðvar sem þau hengdu í tré víða um þorpið. Fuglaverkefnið í heild hefur verið drifið áfram af forvitni krakkanna um að vita meira og meira um fuglana.

Þar sem svo margt gekk á í veðrinu, þrumur og eldingar og djúp lægð svo eitthvað sé nefnt var vel við hæfi að hafa veðurþema á áætlun. Eftir djúpa lægð var tekin ganga og verksumerki á eyrinni skoðuð. Eldri krakkarnir nýttu sér sýndarveruleika og brugðu sér í veðurfyrirbrigðin fellibyl og hvirfilvind sem við þurfum vonandi aldrei að upplifa.

Unnið var með Grunnþarfirnar fimm samkvæmt Uppbyggingarstefnunni, Uppeldi til ábyrgðar-
uppbygging sjálfsgaga. Þessar þarfir eru öryggi, gleði, frelsi, áhrif og að tilheyra. Allir hafa sterka þörf fyrir öryggi en hinar fjórar eru þau búin að greina og finna hvar þeirra þarfir eru sterkastar. Meðal þess sem gert var núna var að bæta við vegg þar sem áður var búið að flokka hugtök tengd þörfunum í jákvæð og neikvæð til að átta sig á að stundum getum við farið út í það að uppfylla þarfirnar okkar á neikvæðan

hátt. Hver nemandi valdi nú þau gildi sem honum þóttu mikilvægust úr hverjum flokki og kom fyrir utan við hringinn. Gildum skólans gleði, ábyrgð, virðingu og þrautseigju var einning bætt við vegginn.

Föstudaginn 18. febrúar var farið í skíðaferð í Tungudal. Þetta var annað árið í röð sem okkur tókst að hafa skíðadag og voru nú allir nemendur sjálfstæðir í brekkunum þó einhverjir þurfi enn að bíða með að fara í stóru brekkurnar.

Viðtöl nemenda, foreldra og kennara í grunnskólanum fóru fram í annarri viku febrúar. Þar var staðan tekin með áherslur á framhaldið að leiðarljósi. Að þessu sinni voru prófuð nemendastýrð viðtöl og gekk nokkuð vel og er stefnt á að hafa þann háttinn á einnig næsta haust. Miðvikudagurinn 2. mars, Öskudagur, var starfsdagur. Var hann nýttur í innra mat, leiðsagnarnám og ýmis verkefni í skólahúsnæðinu. Fimmtudagurinn 3. og föstudagurinn 4. febrúar voru vetrarfrisdagar.

Árshátíð grunnskólans var á dagskrá fimmtudaginn 7. apríl í síðustu námsviku fyrir páskafrí. Í vikunni áður var haldinn nemendafundur og hugmyndum nemenda safnað saman. Við þá undirbúningsvinnu voru nemendur minnitir á lýðræði sem er einn af grunnþáttum menntunar og mikilvægi þess að raddir þeirra fái að heyrast við hinar ýmsu ákvarðanir sem teknar eru.

Síðan var ráðist í að semja það sem þurfti að semja, gera leikmynd og leikmuni, klára upptökur og klippa til myndbönd, æfa og fara í endurhönnun á gömlum fatnaði. Í fjóra daga var vinnan algjörlega helguð því að undirbúa sýningu sem við yrðum stolt af. Við vorum boðin á árshátíð nemenda á Þingeyri og endurgultum þeim þá heimsókn með því að bjóða miðstigi frá þeim að koma á sýninguna okkar og hið árlega Sílaball sem haldið var í beinu framhaldi. Einnig buðum við miðstiginu á Suðureyri að koma. Þátttaka frá þessum tveimur skólum var mjög góð og ballið heppnaðist frábærlega. Við höfum lengi haft það að markmiði að auka sem mest samstarf milli fámennu skólanna á norðanverðum Vestfjörðum sem aðeins hefur farið dalandi síðust ár (vegna covid) og var þessi ákvörðun okkar einn liður í að gera það að veruleika. Samvinnan milli skólanna var meiri en svo að við fengjum gesti því við sömdum einnig við einn kennaranna um að sjá um undirleik á gítar fyrir okkur. Elstu börnin af leikskólanum Grænagarði tóku einnig þátt í sýningunni en þau opnuðu hátíðina með söng.

Það er langt síðan svo margir gestir hafa verið samankomnir í sal Grunnskóla Öndarfjarðar en okkur taldist til að um 80 manns hafi verið í húsinu. Við vorum öll virkilega stolt af árshátíðinni okkar sem fékk yfirskriftina „6 er oddatala“ eftir lýðræðsilega kosningu. Nemendur fóru út fyrir þægindarammann, vissu að starfsmenn hefðu væntingar til þeirra, höfðu sjálfir væntingar til sín og vildu standa sig. Og öll stóðu þau sig með þvílíkum sóma. Ekki má gleyma að minnast á hið margrómaða hlaðborð foreldrafélagsins sem

boðið var upp á í hléi, þar svignuðu borð undan kræsingum. Þegar kom að frágangi daginn eftir var ekki minni kraftur í nemendum en í undirbúnignum og gengið frá öllu áður en haldið var í páskafrí.

Fimmtudaginn 19. maí var opinn dagur sem var samvinna leik og grunnskóla. Hófst dagskráin kl. 8:15 og stóð til kl. 10:00. Farið var í ýmsa skemmtilega leiki sem reyna meðal annars á samvinnu þátttakenda. Gestir og leikskólanemendur tóku síðan þátt í starfi grunnskólanemenda sem tengdist vorverkefnum skólans; kofasmíði, að koma útsæði niður í gróðurkassana og lestrarátaki sem gert var sýnilegt með útilistaverkefni. Skólahúsið var einnig opið fyrir þá sem vildu sjá hvernig umhorfs er þar inni. Boðið var upp á veitingar af eldstæðinu á meðan á dagskrá stóð. Dagurinn tókst mjög vel og fengum við marga góða gesti sem allir tóku fullan þátt.

Sameiginleg vorferð grunnskólanemendanna, óvissuferðin, var farin þriðjudaginn 24. maí. Var farið í bogfimi á Ísafirði, sund í Bolungarvík, farið í bakarí og ísferð, hádegismatur snæddur á Silfurtorgi og síðdegis var komið í Botnsskóg í Dýrafirði þar sem foreldrar grunnskólanemenda og elstu nemendur leikskólans ásamt fjölskyldum sameinuðust hópnum í grillmat. Slegið var upp tjöldum í skóginum, farið í kvöldgöngu, leiki og spilað áður en gengið var til náða í tjöldunum. Daginn eftir var tekið saman og haldið heim á leið og þá beint í sólargöngu og grill með leikskólanum sem er árviss liður í samvinnu skólanna.

Skólinn eru með heimasíðuna <http://gron.isafjordur.is> og eru þar settar inn fréttir og viðburðir tilkynntir. Foreldrafélagið er með lokaðan hóp á facebook þar sem hægt er að deila fréttum af heimasíðunni og hefur það gefist vel. Upplýsingakerfið mentor er notað fyrir samskipti heimilis og skóla í grunnskólanum. Foreldrar fá senda linka á google myndasöfn.

Ný stjórn sameiginlegs foreldrafélags leik og grunnskóla var kjörin í vor. Í stjórn eru: Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir, Eyvindur Atli Ásvaldsson, Sólveig María Þórðardóttir og Steinunn G. Einarsdóttir. Foreldrafélagið er með hóp á facebook þar sem samskipti fara fram og upplýsingum frá skóla er miðlað. Í vinnslu er formleg stofnun félagsins með eigin kennitölu en áður hefur félagið starfað undir kennitölu grunnskólans.

Í nemendaráði sátu allir nemendur miðstigs. Fundir voru haldnir eftir þörfum á bekkjarfundartíma sem var á stundaskrá.

Horfið var frá þeirri tilraun sem gerð var síðasta skólaár að hafa eitt sameiginlegt skólaráð fyrir bæði leik og grunnskóla. Í skólaráði sátu Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólastjóri, Sigurður Jóhann Hafberg og Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir fulltrúar kennara, Svanborg Gróa Hinriksdóttir fulltrúi starfsfólks, Steinunn G Einarsdóttir og Ívar Kristjánsson fulltrúar foreldra, Steinunn Ása Sigurðardóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins og Zuzanna Majewzka fulltrúi nemenda. Skólaráð fundaði með formlegum hætti um skóladagatal en fóru samskipti fram með tölvupósti m.a. vegna skólanámskrár.

Skólarnir fá hádegisverð sem útbúinn er í Gunnukaffi fimm daga vikunnar. Venjan er sú að nemendur grunnskólans gangi í Gunnukaffi og borði matinn þar en vegna aðstæðna af völdum covid 19 var maturinn sóttur og borðaður í grunnskólanum til að byrja með. Þegar takmörkunum létti var fyrra fyrirkomulag tekið upp að nýju.

Boðið var upp á ávaxtaáskrift í grunnskólanum og mælist það afar vel fyrir og voru margir nemendur í ávaxtaáskrift. Það að bjóða upp á hafragraut í frímínútum á morgnana hefur mælst vel fyrir og hefur fest sig í sessi.

Starfsmarkmið Grunnskóla Önundarfjarðar

Að efla áhuga og leikni í:

- Lestri (lesfimi og lesskilningi).

Með því að hafa bækur sýnilegar og nemendur velja bækur eftir áhuga annars vegar og leikni hins vegar. Kennari hjálpar til með val á bókum. Bókakostur skólans er stöðugt bættur. Lestur er bæði til skemmtunar og þjálfunar. Með mínútulestri þjálfast nemendur í sjónrænum lestri, þar sem nemendur læra að þekkja orðin hratt og fyrirhafnarlaust.

Lesskilningurinn er meðal annars þjálfaður með því að vinna með safarík orð sem nemendur finna sjálfir. Safarík orð geta til dæmis verið orð sem þykja áhugaverð, skrítn orð, hljómfögur orð, ný orð, orð sem geta haft fleiri en eina merkingu, samsett orð og fleira. Lesskilningur er líka þjálfaður þannig að nemendur þurfa að segja frá því sem þeir voru að lesa.

Með því að tengja það sem þeir lesa við það sem þeir þekkja, tengja við eigin reynsluheim. Í lestrinum eiga nemendur að geta séð fyrir sér það sem er að gerast í sögunni.

Með því að skrifa um bækurnar sem lesnar voru, þurftu þeir að skilja það sem þeir lásu.

- Stærðfræði

Mikið hlutbundin vinna, sérstaklega á yngsta stigi. Tengja stærðfræði við daglegt líf og umhverfið. Nota hvert tækifæri til að tengja hana inn í umræðu. Útinám, spil og leikir nýttir í kennslu.

Hraðreikningur, margföldun, samlagning og frádráttur.

Námið er einstaklingsmiðað, nemendur vinna á sínum hraða og ef nemandi þarf að þjálfa leikni í einhverjum þætti þá fær hann tækifæri til þess.

Tölvuforrit, upplýsingatækni, Rasmus, myndbönd, skólavefurinn til að þjálfa einstök atriði og til að auka fjölbreytni.

Hugtakavinna í stærðfræði.

- Hreyfingu

Hvetja til útileikja. Útinám, tengja nám við leik og hreyfingu. Ýmsir hreyfileikir, hlaupaleikir. Haustganga, skautar, dans. Ganga í mötuneytið í hádeginu. Útiþróttir á vorin og haustin. Kajak. Göngutúrar um eyrina. Skíðaferð.

- Ábyrgð á eigin námi

Markmiðatengt nám. Nemendur vissu hver markmið með náminu voru. Markmiðin voru sýnileg og nemendur vissu alltaf að hvaða markmiði var verið að vinna. Fjölbreyttar leiðir að sama markmiði. Nemendur setja sér einnig sín eigin markmið.

Að stuðla að vellíðan nemenda.

Vera með verkefni við hæfi. Vera jákvæður og hvetjandi. Sýna hverjum nemanda að hann skiptir máli. Mæta nemandanum þar sem hann er staddur. Gera kröfur við hæfi hvers og eins. Fjölbreyttir kennsluhættir. Útinám, hreyfing. Áhugamiðað nám, unnið með þeim að þeirra hugmyndum.

Mat á hvernig tókst að vinna með starfsmarkmiðin:

Vel tókst til hjá öllum kennurum í lestri, stærðfræði og hreyfingu. Allir unnu að því að fylgjast með líðan nemenda. Eitt lykilatriði að góðum námsárangri er góð líðan.

Það sem má bæta:

Auka enn á sýnileika markmiða.

Vegna fámennis var Skólapúlsinn ekki nýttur sem matstæki þetta skólaár en gerð var könnun meðal nemenda sem tók á líðan, viðhorfi og áhuga á námi. Eitt af starfsmarkmiðunum skólans að auka vellíðan

barnanna í skólanum, hefur þessi þáttur aðeins verið uppávið undanfarið. Ýmislegt er gert til að stuðla að betri líðan nemenda. Má þar nefna bekkjarfundi og lífsleiknitíma sem nýttir hafa verið til að efla nemendur. Einnig höfum við tekið inn hugleiðslu og slökun sem mælist vel fyrir hjá nemendum.

Námsráðgjafi kemur til okkar einn dag í mánuði og er til taks fyrir þá sem þurfa á að halda, sér um ákveðna fræðslu og ræðir við nemendur og gerir meðal annars tengslakannanir með þeim. Einnig eiga nemendur greiðan aðgang að skólahjúkrunarfræðingi sem kemur reglulega. Greiðlega hefur einnig gengið að fá þjónustu sérfræðinga ef þess hefur þurft með. Fjölbreyttar kennsluaðferðir hafa það einnig að markmiði að koma til móts við ólíka einstaklinga svo allir geti fundið sína styrkleika. Er þessi vinna yfirleitt metin með því að leggja Skólapúlsinn fyrir eldri nemendur en með einföldum könnunum hjá yngri. Þetta skólaár var Skólapúlsinn ekki nýttur vegna fámennis en lagðar fyrir kannanir. Notaður var kvarði frá 1-10 og sýndi könnun að nemendum líður vel í skólanum, meðaltal 7,8. Þeim finnst gaman, meðaltal 8,6 og finnst skólinn vera góður, meðaltal 9. Spurt var um ánægju af lestri en þar var meðaltal 7. Ánægja af stærðfræði gaf meðaltalið 6. Ánægja af bóklegum tímum gaf meðaltali 6. Ánægja af verkegum tímum gaf meðaltalið 7,4 og einnig ánægja af útikennslu.

Stefnur og áætlanir

Ísafjarðarbær ákvað að fara í öflugt átak í upplýsingatæknikennslu fyrir nokkrum árum síðan sem hófst á því að kennarar voru þjálfaðir. Spjaldtölvur hafa fest sig í sessi hjá okkar og sama má segja um almenna tölvuvinnu með tilkomu Chromebook fartölva sem nemendur hafa til afnota. Bæði tölvur og Ipadar eru mikið notuð við námið.

Einnig var haft að markmiði að halda áfram með það starf sem unnið hefur verið í sameiginlegu átaksverkefni skólanna í Ísafjarðarbæ Stillum saman strengi sem beinist að því að ná sem bestum árangri í lestri og stærðfræði. Unnið var með lestur og stærðfræði með fjölbreyttum hætti og á yngra stiginu var mikið unnið hlutbundið og verklega. Lestrarátök voru einnig tekin. Unnið er eftir lestrarstefnu Ísafjarðarbæjar. Allt starf skólans er metið með gæðagreinum Hversu góður er grunnskólinn okkar. Skólanámskrár beggja skólanna eru á heimasíðu skólanna. Þær eru endurskoðaðar reglulega. Starfsáætlun grunnskólans er skilað 15. september ár hvert og ný útgáfa birt á heimasíðu skólanna. Starfsmenn og skólaráð kom að endurskoðun. Leitað verður eftir aðkomu alls skólasamfélagsins við áframhaldandi vinnu við skólanámskrána og starfsáætlun og aðkoma nemenda aukin. Mikill samhugur er í starfsfólki grunnskólans og mikill vilji til að hlúa sem best að skólastarfinu. Mikil umræða um námsmarkmið og hæfniviðmið átti sér stað meðal starfsmanna á síðasta vetri og förum við

inn í næsta vetur með fullt af hugmyndum um hvernig við getum náð sem bestum árangri. Mikil áhersla var lögð á að ná tökum á að nota Mentor sem er kerfi til að halda utan um kennsluáætlanir og verkefni og meta þar jafnóðum hæfni og námsmarkmið nemenda og auðvelda þannig vinnu við mat við annarlok og lokamat. Erum við almennt komin vel á veg með notkun á mentor og höfum unnið með lotur í og tengt hæfniviðmið og verkefni við þær. Með þessu móti á vinna við að meta hæfniviðmið að verða auðveld og nemendur eiga að geta fylgst með og unnið að markmiðunum. Í mentor er einnig haldið utan um mætingu nemenda. Þetta skólaár unnum við meira með sjálfsmat en áður. Við þurfum að halda áfram á þeirri braut og leggja áherslu á að allt sé sýnilegt nemendum og foreldrum svo þeir geti auðveldlega fylgjast með framvindu námsins svo vinna við hæfniviðmiðin verði markvissari. Eitt af markmiðum okkar að bættum námsárangri er að nemendur séu upplýsitir um kröfurnar sem eru gerðar til þeirra. Við höfum verið að bæta okkur í upplýsingaflæði til nemenda en alltaf má gera betur. Við unnum að innleiðingu Leiðsagnarnáms ásamt hinum skólunum á norðanverðum Vestfjörðum þetta skólaárið og erum komin vel á veg.

Fjölbreyttir kennsluhættir og verkleg vinna hefur sett svip á skólahaldið síðustu vetur og eru slík vinnubrögð búin að festa sig í sessi í Grunnskóla Önundarfjarðar.

Skipting nemenda

Í upphafi skólaárs voru nemendur grunnskólans, 6, 3 stúlkur og 3 drengir. Samkennsla var í 1.-3. bekk en þar voru 3 nemendur, 1 í fyrsta bekk, 1 í 2. bekk, 1 í 3. bekk. Einnig var samkennsla í 5. - 7. bekk en einn nemandi var í 5. bekk, einn í 6. bekk, einn í 7. bekk. Um tíma var einn nemandi í 9. bekk við skólann. Þrír tvítýngdir nemendur voru við skólann. Sex nemendur luku skólaárinu. Tveir nemendur voru við skólann í eina- tvær vikur vegna starfa foreldra sinna við Lýðskólann á Flateyri. Tveir aðrir nemendur voru tímabundið hjá okkur, skemur en þrjár vikur samanlagt.

Fjögur börn útskrifast úr leikskólanum þetta vor og byrjar grunnskólagöngu í haust.

Allir nemendur 1.-3. bekkjar nýttu sér þjónustu dægradvalar þetta skólaár. Dægradvöl var starfrækt í grunnskólahúsinu.

Starfsmenn og stöðugildi

Í grunnskólanum voru fastir kennarar, leiðbeinendur, stundakennarar ásamt skólastjóra 4.

Tveir grunnskólakennarar voru í 100% stöðu og einn í 11,5% stöðu. Talsvert þurfti að manna forföll með stundakennslu. Skólaliði var í 62,5% starfi og var jafnframt starfsmaður dægradvalar í 37,5% starfi. Það starf var leyst með afleysingum þetta skólaár auk þess sem dægradvöl var á leikskólanum um tíma.

Starfsmenn:

Solange Lorna Enard afleysing skólaliði, stundakennsla.

Rosana Davudsdóttir afleysing skólaliði.

Sólveig María Þórðardóttir afleysing skólaliði, stundakennsla, dægradvöl.

Telma Björk Sörensen skólahjúkrunarfræðingur.

Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir umsjónarkennari í 100% starfi.

Jónína H. Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi í 5% starfshlutfalli.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólastjóri í 100% starfi.

Sigurður Jóhann Hafberg grunnskólakennari í 100% starfi.

Sigurrós Eva Friðbjófsdóttir danskennsla 11,5% staða.

Svanbjörg Gróa Hinriksdóttir 62,5% skólaliði og 37,5% starfsmaður dægradvalar.

Forföll starfsfólks

Í öllum tilfellum var hægt að verða við leyfisbeiðnum starfsfólks. Grunnskólakennarar hafa unnið upp í þær kennslustundir sem þeir hafa þurft leyfi frá. Það sem út af hefur staðið og ekki verið hægt að leysa þannig hefur verið greitt með yfirvinnu. Tvisvar var skóla aflýst vegna veðurs þennan skólavetur, 7. og 23. febrúar og var þá tekin ákvörðun af almannavörnum og skólahaldi aflýst í öllum skólum Ísafjarðarbæjar. Auk þessara lokunardaga voru fjórir heilir dagar og tvisvar hluti úr degi sem vantaði starfsmann vegna ófærðar eða óvissustigs á Hvilftarströnd. Allir þeir dagar voru í febrúar.

Upplýsingar um veikindi starfsmanna eru viðkvæmar persónuupplýsingar og í fámenni verða þær rekjanlegar og því ekki settar inn í þessa skýrslu en þær eru til skráðar í viðverukerfi Ísafjarðarbæjar.

Forföll nemenda

Tveir lokunardagar voru þetta skólaárið vegna veðurs eða ófærðar, 7. og 23. febrúar. Vegna fámennis og rekjanleika verða nánari upplýsingar um ástundun nemenda ekki birtar í þessari skýrslu en þær eru til skráðar í kerfi skólans.

Kennslustundaúthlutun og daglegt skipulag

Starfstími grunnskóla er 36 vikur eða 180 nemendadagar þ.e. kennslu- og prófdagar nemenda og viðtalsdagar. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma skóla eru fimm. Starfsdagar utan skólatíma eru átta, fimm í upphafi skólaárs í ágúst og þrjár í maí/júní og er það samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands. Á skólaárinu 2021-2022 fékk grunnskólinn úthlutað 76 stundum til að sinna bekkjarkennslu, sérkennslu, nýbúakennslu og skiptitímum. Úthlutunin miðast við nemendafjölda og viðmiðunarstundaskrá.

Grunnskólinn var opnaður kl. 07.55 á morgnana og hófst kennsla kl. 8:10. Allri kennslu var lokið í skólanum um kl. 14:40, misjafnt eftir aldri nemenda. Kennslutilhögun var þannig að skólaárið myndar eina heild án annaskiptingar. Námsmat fer fram jafnt og þétt en fundir með umsjónarkennurum voru í upphafi skólaárs, í október og í febrúar. Hæfnikort nemenda voru sýnileg foreldrum fyrir viðtal í október og síðan uppfærð. Nemendur í 1.-4. bekk fengu 30 kennslustundir á viku og nemendum í 5.-7. bekk 35 kennslustundir.

Vetrarfrí Grunnskólans voru 16. og 18. október og 3. og 4. mars. Viðtalsdagar í grunnskólanum voru 23. ágúst, 20. október og 10. febrúar. Foreldrar voru þá boðaðir sérstaklega til viðtals við umsjónarkennara ásamt nemandanum. Að þessu sinni voru nemendastýrð viðtöl prófuð í febrúar.

Tónlistarskólinn var með rúllandi stundaskrá og komu tveir kennarar til okkar tvisvar í viku. Danskennsla féll niður í vetur en kennslustundirnar voru nýttar í fablab og kvikmyndagerð. Námsráðgjafi er í 5% starfi og kemur annan hvern miðvikudag í skólann til okkar. Skólahjúkrunarfræðingur kemur reglulega og er með fræðslu og eftirlit.

Samstarf leik og grunnskóla

Samstarf leikskólans Grænagarðs og Grunnskóla Önundarfjarðar hefur verið að aukast undanfarin ár. Dægradvölin hefur verið starfrækt í grunnskólahúsnæðinu og gengur það fyrirkomulag mjög vel. Vegna aðstæðna síðastliðið skólaár varð þó að sameina dægradvölin leikskólastarfinu fram að áramótum.

Skólarnir hafa sameinast um leiksýningar fyrir nemendur og fengum við eina sýningu frá Elfari Loga sem fór fram á leikskólanum. Jólball hefur yfirleitt verið sameiginlegt var svo síðastliðinn vetur. Á vordögum fóru nemendur leik- og grunnskóla saman í Sólargöngu og borðuðu saman grillmat í lok dags. Elstu nemendur leikskólans mættu tvisvar sinnum í viku í grunnskólann og voru þar 2 kennslustundir við nám og borðuðu morgunmat og fóru í frímínútur með nemendum. Þau tóku þátt í árshátíðarsýningu grunnskólans með því að opna sýninguna með söngatriðum og einnig tóku þau þátt í opnum degi í grunnskólanum í vor. Elstu nemendum leikskólans var boðið að koma og taka þátt í hluta af vorferð grunnskólans og komu þá ásamt foreldrum og grilluðu allir saman og nutu fram á kvöld.

Sjálfsmat

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 eru markmið með mati og eftirliti með gæðum starfs þeirra að veita upplýsingar um skólastarf og árangur og tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Einnig að auka gæði náms og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. (Lög um grunnskóla nr 91, frá 2008) Samkvæmt 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber grunnskólum einnig að meta starf sitt og árangur með kerfisbundnum hætti, með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Tilgangur þess mats er að greina veika og sterka þætti skólastarfsins með kerfisbundnum hætti og gera viðeigandi umbótaáætlanir. Þetta er sá þáttur sem kallast sjálfsmat skóla. Sjálfsmatið miðast við aðstæður á hverjum stað og er skipulagt af starfsfólki skóla. Það er jafnframt leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun skólastarfsins. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið.

Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Sjálfsmat, umbætur og mat eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Samkvæmt leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga skal matið vera markmiðsbundið, kerfisbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað, byggja á upplýsingum, vera umbótamiðað og opinbert. Til að tryggja að matið sé kerfisbundið gera grunnskólar matsáætlun sem allir þættir skólastarfsins eru teknir fyrir einu sinni eða oftari á 3-5 ára tímabili. Sumir þættir eru þess eðlis að þeir eru teknir fyrir árlega en aðrir sjaldnar. Innra matið byggir bæði á upplýsingum úr könnunum sem gerðar eru ýmist af skólunum sjálfum eða af aðilum

sem Ísafjarðarbær hefur samið við. Árangur nemenda er metinn með vísan í samræmdar mælingar og framfarir.

Upplýsinga fyrir sjálfsmat var aflað með vinnu starfsmanna við gæðagreina, með mati á árangri nemenda á Lesferlisprófi Menntamálastofnunar og niðurstöðum starfsmannasamtala. Samræmd próf á vegum Menntamálastofnunar voru ekki framkvæmd þetta skólaárið. Matstækið Skólalárus var ekki nýtt þetta skólaár vegna fámennis en annarskonar kannanir nýttar.

Skólaárið 2018-2019 var hafin vinna með Gæðagreina sem byggja á skosku sjálfsmatskerfi How good is our school. Árið 1999 var matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og þá nefnt Gæðagreinar. Uppfærslur hafa verið gerðar á skosku útgáfunni og þær þýddar yfir á íslensku. Núverandi gæðagreinar sem komu út í Skotlandi í september 2015 bera nöfnin Hversu góður er skólinn okkar og Hversu góður er leikskólinn okkar. Leik- og grunnskólar Ísafjarðarbæjar hafa fengið leyfi til að nota þessa gæðagreina og hafa notið leiðsagnar frá starfsfólki Fræðsluskrifstofu Skagafjarðar við innleiðinguna.

Þetta skólaár var unnið með fjóra gæðagreina í grunnskólanum. Hver gæðagreinir samanstendur af 10-15 spurningum og matsviðmiðum. Þar sem starfsmenn eru mjög fáir við skólanum framkvæmdum við vinnuna þannig að fyrst fékk hver einstaklingur spurningarnar í hendurnar og merkti við sitt mat. Síðan hittist allur hópurinn og bar saman bækur sínar, ræddi og rökstuddi og komst síðan að sameiginlegri niðurstöðu um hverja spurningu fyrir sig. Þrjár gæðagreinanna leiddu til úrvinnslu en úrvinnslu eins gæðagreinisins, 2.6. Samfella í skólastarfi var frestað og ákveðið að vinna betur með markmið hans og meta síðan þar sem skilningur var mismunandi og þarfnaðist frekari umfjöllunar. Helstu niðurstöður úr vinnunni með gæðagreinana eru eftirfarandi:

Gæðagreinir 2.2 Skólanámskrá, tekin fyrir í maí 2022. Helstu styrkleikar sem við greinum í þessum þætti er árangur af einstaklingsmiðun, skilningur á þverfaglegu námi, sýn á mikilvægi þess að þekking og færni nemenda sé í takt við tímann. Skólanámskráin verður endurskoðuð á komandi skólaári og þá með hliðsjón af þessu gæðagreini.

Gæðagreinir 3.1. Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar. Tekinn fyrir 2. júní 2022. Þennan þátt máttum við einnig á síðasta skólaári og því þarsíðasta. Hann kemur mjög sterkur út í heildina. Má nefna sem styrkleika að starfsfólk þekkir hlutverk sitt, tekur mið af lögum og reglum, tryggir öryggi og velferð nemenda. Hlustað er á raddir nemenda. Skólinn hefur skapað árangursríkt námsumhverfi. Mælingar í lestri sýna aukinn árangur og einning það að nemendur tjá sig um nám sitt. Engir sérstakir veikleikar koma fram í mati á þessum gæðagreini en þó átti sér stað umræða um að aðgengi fyrir fatlaða er ekki gott. Huga þarf að símenntun er varðar lög, reglur, réttindi, velferð og skóla án aðgreiningar.

Gæðagreinir 3.2. Betri frammistaða og aukinn árangur. Tekinn fyrir í maí 2022. Gæðagreinirinn sýnir styrkleika í því hversu vel við þekkjum nemendur og nýtum okkur það og metum árangur allra. Framfarir eru sýnilegar t.d. í lestri. Það koma engir veikleikar fram við mat á þessum gæðagreini.

Þær niðurstöður sem hér eru birtar eru meðaltalsniðurstöður hvers matsþáttar byggðar á einkunnagjöf heildarinnar við hverja spurningu,

Yfirlit gæðagreina í grunnskólanum

Gæðagreinir	Meðaltalseinkunn
2.2. Skólanámskrá	4,8
2.6. Samfella í skólastarfi	-
3.1. Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	5,0
3.2. Betri frammistaða og aukinn árangur	5,2
Meðaltalseinkunn úr öllum þáttum	5,0

Hér fyrir neðan má sjá þá áætlun sem gert var ráð fyrir að vinna eftir þetta skólaár eða fram til vors 2022, bæði innra og ytra mat. Þeir þættir sem þarna eru tilteknir fyrir skólaárið 2021-2022 voru unnir að öðru leyti en því að í stað þess að nota Skólapúls var útbúin könnun fyrir nemendur og samræmd próf voru ekki framkvæmd af Menntamálastofnun. Skólanámskrá var endurskoðuð 2019-20 og er á heimasíðu. Nám og kennsla var metin með gæðagreinum 2.2, 3.1, og 3.2. Starfsmannasamtöl voru tekin. Rýnt var í niðurstöður lesferils, annars námsmats og sjálfsmat og markmið nemenda.

	2018- 2019	2019- 2020	2020- 2021	2021- 2022

Haustönn	Skólanámskrá klára gerð hennar Starfsandi innan stofnunnarinnar Námsmat Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4.-7.bekk	Ytri tengsl Skólapúlsinn Stjórnun Samræmd könnunarpróf í 4.-7.bekk	Einkenni stofnunar staða samfélaginu Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf 4.-7.bekk	og Nám og kennsla í Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4.-7.bekk
Vorönn	Skólanámskrá klára gerð hennar Starfsandi innan stofnunnarinnar Námsmat Samræmd próf í 9.bekk Skólapúlsinn Orðarún Lesferill	Samantekt og mat á árangri skólastarfsins Skólapúlsinn Samræmd próf í 9.bekk Skólapúlsinn Orðarún Lesferill	Stefna og markmið Skólapúlsinn Samræmd próf í 9.bekk Skólapúlsinn Orðarún Lesferill	Skólapúlsinn Samræmd próf í 9.bekk Skólapúlsinn Orðarún Lesferill

Starfsmannasamtöl voru tekin að vori og náðu allir starfsmenn grunnskóla að mæta. Niðurstöður starfsmannasamtala sýna almennt góða líðan, ánægju á vinnustaðnum og að styrkleikar fái að njóta sín. Aðstaða til almennrar kennslu er góð en má fara að huga að því sem snýr að íþróttahúsi. Tækifæri felast í meiri teymisvinnu, samþættingu og meiri samvinnu litlu skólanna. Upplýsingaflæði gott.

Kannanir meðal starfsmanna og foreldra voru ekki gerðar í vetur. Slíkar kannanir eru erfiðar í framkvæmd í fámenni svo ekki sé um rekjanleika að ræða en þarf eigi að síður að finna lausn á framkvæmd.

Samræmd próf

Engin samræmd próf fóru fram á vegum Menntamálastofnunar þetta skólaárið þar sem fyrirkomulag þeirra er allt í endurskoðun.

Rýnt er í niðurstöður lesfímiprófa sem tekin eru reglulega og viðeingandi átök tekin til að bæta árangur.

Unnið var að umbótum vegna ytra mats sem starfsmenn Menntamálastofnunar unnu á skólunum vorið 2019. Greinargerðum hefur verið skilað reglulega og þeirri síðustu í mars 2022. Vel gengur að vinna að þeim markmiðum sem hafa verið sett og sér fyrir endann á þeim.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Grunnskóla Öfundarfjarðar gerði ráð fyrir 76.881.315 krónum en heildarniðurstaða varð 69.732.246 kr. Mismunur er 7.149.069. Að hluta er skýring á rekstarafgangi vegna fækkunar nemenda sem leyddi af sér fækkun starfsmanna á síðari hluta ársins og lægri matarkostnað nemenda. Nánari upplýsingar um fjárhagsáætlun má finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

Framkvæmdir

Skólalóð grunnskólans var tekin í gegn haustið 2018 og allflest leiktæki endurnýjuð. Settar voru gúmmímottur undir öll tækin. Gróðurkössum var komið fyrir á skólalóðinni auk tveggja geymsluskúra. Enn hefur ekki verið lokið við málningarvinnu á ramma sem var sagaður þegar ný hurð út á leiksvæðið var sett. Göngustígar á leiksvæðinu eru ófrágengnir en þá átti að malbika. Verkmenntastofa á neðri hæð er illa farin og þarfnast endurnýjunar. Útveggir eru mjög sprungnir og kemur fyrir að þar lekur inn. Þörf er orðin á að mála í starfsmannaaðstöðu á efri hæð; skrifstofu skólastjóra, kennaraherbergi, eldhús og hol. Grunnskólahúsið þarf að mála að utan bæði veggir og þak og laga múrskemmdir. Þakrennur eru ryðgaðar í göt og lekur vatn niður m.a. við aðalinnganginn svo það þarfnast lagfæringa. Margt af því sem hér á undan er talið hefur staðið í þessum kafla frá skólaárinu 2018- 2019 og jafnvel

lengur en vonandi fer að saxast á listann. Unnið er að þæví að mála leiktæki á skólalóð. Línur voru málaðar á körfuboltavöll síðasta haust. Innskot við anddyri var málað hvítt og síðan málaði listakonan Jean Larson fugl á einn vegginn.

Vinna við að endurnýja ofna og lagnir í skólahúsnæðinu er komin vel á veg og lýkur væntanlega í haust. Einnig þarf að finna út hvað hefur valdið tæringu í kerfinu. Útbúa þyrfti almennilega ræstikompu á neðri hæð. Úttekt slökkviliðs var gerð í júlí 2022 og slökkvitæki voru yfirfarin. Brunakerfi var yfirfarið í byrjun ágúst og neyðarlýsing löguð þar sem þyrfti. Gólf voru bónuð í sumar, gangar á báðum hæðum og stigi, samtals 220 m².

Aðkeypt þjónusta

Skólarnir fá sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Talmeinaþjónusta er í gegnum Tröppu. Þjónusta iðnaðarmanna hefur verið keypt í smærri verk. Túlkaþjónusta er keypt eftir þörfum.

Hér lýkur þessari yfirferð um skólastarf á Flateyri skólaárið 2021- 2022.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólastjóri